

Borgarstjórn
28. febrúar 2017

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um aðkomu ungmenna að ráðningu hlutastarfsmanna í félagsmiðstöðvum

Lagt er til að skóla- og frístundasvið leggi fram tillögur fyrir árslok 2017 um hvernig unglingar geti komið að og verið ráðgefandi við ráðningar hlutastarfsmanna í félagsmiðstöðvum borgarinnar

Greinargerð:

Við í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða leggjum til að ungmenni komi að ráðningu hlutastarfsmanna í félagsmiðstöðvum borgarinnar með ráðgefandi álit. Við viljum að tekið sé tillit til skoðana og athugasemda ungmenna á einhverjum tímapunkti í ráðningaferlinu og að þau fái að sitja viðtöl með ráðningaraðilum. Það er mikilvægt að ungmenni hverfisins fái að taka þátt í mótun frítímastarfs í sínu hverfi og við teljum að þetta sé hluti af því að ungmenni eigi hlutdeild í því starfi. Við óskum eftir því að þetta verið komið í ferli sem fyrst eða eigi síðar en fyrir árslok 2017.